



Akureyri, 1. nóvember 2023.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um fasta starfsstöð þyrlu Landhelgisgæslunnar á Akureyri, 327. mál

Meðfylgjandi er umsögn frá Akureyrarbæ vegna tillögu til þingsályktunar um fasta starfsstöð þyrlu Landhelgisgæslunnar á Akureyri:

Bæjarráð fagnar framkominni þingsályktunartillögu um fasta starfsstöð á Akureyri fyrir eina af þyrlum Landhelgisgæslunnar. Að mati bæjarráðs væri þetta skynsamleg og löngu tímabær ráðstöfun til þess að tryggja betur öryggi fólks víða um land. Ekki er æskilegt að hafa allar þyrlur gæslunnar á sama svæðinu með tilliti til óveðurs, náttúruhamfara og annarra skakkafalla auk þess sem slíkt fyrirkomulag tryggir illa fullnægjandi ljónustu við jarlægari landshluta, einkum Norður- og Austurland. Mikil tækifæri felast í tengingu við sjúkraflugið sem er staðsett á Akureyri og augljós samlegðaráhrif þegar kemur að mönnun og ljónustu við sjúkraflug og þyrlu.

Virðingarfyllst,

Ásthildur Sturludóttir
bæjarstjóri á Akureyri